

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar
Bæjarskrifstofur Garðatorgi
210 Garðabæ

Reykjavík 10.apríl 2018

DEILISKIPULAG BESSASTAÐA

Ósk um breytingu á deiliskipulagi

Fyrirhugaðar eru endurbætur á heimreið og aðkomusvæði Bessastaða á Álftanesi. Endurbæturnar fela m.a. í sér fjölgun bílastæða, breytingu á vegstæði að einkabústað forseta og endurbætur á kirkjuhlaði.

Á síðustu árum hefur stóraukist umferð að Bessastöðum; bæði í tengslum við fjölgun ferðamanna og umfang við opinberar móttökur embættisins. Það eitt og sér hefur kallað á auknar öryggiskröfur og endurskoðun á umferðaflæði almennt. Breyta þarf gildandi deiliskipulagi og aðlaga breyttum forsendum og nútímakröfum.

Í gildandi deiliskipulagi Bessastaða, staðfest 1.júlí 1999, er m.a. sýnt breytt vegstæði að einkabústað forseta, göngustígatengsl frá miðbæ Álftaness út á Bessastaðanes og stækkun á núv. kirkjuhlaði. Þá eru sýnd á skipulagsuppdrættinum viðbótar bíla- og rútustæði undir brekkunni norð-austan við Bessastaðakirkju.

Fyrir hönd umbjóðanda míns forsætiráðuneytisins - sem m.a. fer með málefni forsetasetursins á Bessastöðum -, óska ég hér með eftir að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagi. Breytingin varðar einkum fjölgun almenningsstæða (viðbótarstæði) og bætta aðkomu. Gert er ráð fyrir að bíla- og rútustæði sem sýnd eru í brekku norðan-austan við kirkju skv. gildandi deiliskipulagi falli niður og í stað þeirra verði gert ráð fyrir um 150 bílastæðum á túninu norðan við núv. heimreið; fjarri forsetasetrinu. Fyrirhuguð stæði munu hafa yfir sér „grænt yfirbragð“ og við nánari útfærslu ætlað að vera áframhaldandi hluti af túnnum Bessastaða.

Virðingafyllst,

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitekt MLI FÍLA

Fylgigögn :

- Umsókn um breytingu á deiliskipulagi (staðbundið eyðublað)
- Núgildandi deiliskipulagsuppdráttur
- Fyrirhugaðar breytingar - yfirlitsmynd